

Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks

Fundur stjórnar Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks Fjórðungssambands Vestfirðinga, mánudaginn 26. nóvember 2012, kl 13.00. Haldinn á skrifstofu FV og í fundarsíma við Reykhóla. Mætt voru Albertína F Elíasdóttir, formaður, Ómar Már Jónsson, Sveinn Ragnarsson (í síma) og Sigurður Pétursson. Einnig sátu fundinn Arnheiður Jónsdóttir, verkefnisstjóri og Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri og ritaði hann fundargerð.

Formaður setti fundinn og kynnti að Friðbjörg Matthíasdóttir og varamaður hennar Birna Benediktsdóttir væru forfallaðar.

Dagskrá.

1. Skýrsla Capacent um BsVest

Lögð fram drög að skýrslu Capacent dags 23. nóvember, *Úttekt og úrbótaáætlun fyrir Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks*. Mættur í síma Arnar Jónsson, ráðgjafi hjá Capacent. Arnar kynnti efnisatriði skýrslunnar og tillögum að úrbótum á starfseminni og svaraði fyrirspurnum.

Aðilar eru sammála um að vinna þurfi nánar atriði er varða samaburð á kostnaðarpáttum BsVest og sambærilegra starfsemi í öðrum landshlutum. Einnig að lagt verði mat á skiptingu ráðgjafahluta á félagsþjónustusvæði, hlutdeildin skiptist í dag samkvæmt forsendum starfsemi Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Vestfjörðum, frá árinu 2010. Verkpættirnir rúmast innan skilgreiningar verkefnisins.

Stefnt er að skilum eftir um hálfan mánuð.

2. Fjárhagsáætlun 2013 og endurskoðuð fjárhagsáætlun 2012.

Framkvæmdastjóri lagði fram fjárhagsáætlun 2013, endurskoðaða fjárhagsáætlun 2012 og rekstarstöðu miðað við lok september. Verkefnastjóri lagði fram samatekt á áætlunum félagsþjónustusvæða fyrir árið 2013.

Rekstarstaða í september gefur til kynna að heildargreiðslur Jöfnunarsjóðs séu tæpum 12 mkr undir áætlun og þar af leiðir samsvarandi lægri framlög til félagsþjónustusvæðanna. Endurskoðuð áætlun 2012 tekur mið af svörum starfsmanna Jöfnunarsjóðs að framlög Jöfnunarsjóðs verði hærri það sem eftir er ársins og jafnast halli þar með út, en ef ekki þá verði framlög hækkuð til að standast áætlun. Að þessu gefnu mun afkoma skila um 12 mkr upp varasjóð, sem er tæpum 2 mkr undir áætlun. Að teknu tilliti til að ráðstafað hafi verið 3,6 mkr til nýrra þjónustuúrræða þá mun varasjóður nema um 8,3 mkr í lok árs.

Áætlun Jöfnunarsjóðs um framlög ársins 2013 liggja enn ekki fyrir. Í rekstraráætlun framkvæmdastjóra eru settar þær forsendur að framlög sveitarfélaga og Jöfnunarsjóðs hækki um 4,5 %. Útgjöld miðast við drög að áætlun félagsþjónustusvæðanna og áætlun framkvæmdastjóra á rekstri skrifstofu. Afkoma samlagsins mun vera neikvæð um 1,4 mkr og um neikvæð um 16 mkr að teknu tilliti til að hlutfall varasjóðs nemi 5 % af framlögum.

Stjórn samþykkir að varasjóður ársins 2013 miðist við 5 % eða um 15 mkr (miðað við áætluð framlög) og framlög og útgjöld haldist í hendur. Endurskoða verði áætlanir félagsþjónustusvæðanna en þó ekki fyrr en áætlun Jöfnunarsjóðs liggja fyrir.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 15.00